

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 12. apríl 2023

Tillaga um að borgin hvetji handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra til að skila inn kvittunum

Lagt er til að Bílastæðasjóður ásamt borgaryfirvöldum hvetji handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihömluð í bílastæðahúsum til að senda inn kvittanir svo þau fái endurgreiðslu vegna gjalda sem þau hafa greitt í bílastæðahús. Ljóst er að slík innheimta var ólögleg og Reykjavíkurborg hefur fallið frá gjaldinnheimtunni.

Greinargerð:

Þann 20. mars sl. tilkynnti Reykjavíkurborg að fallið hafi verið frá gjaldtöku af handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihömluð í bílastæðahúsum sem rekin eru á vegum borgarinnar. Ljóst er að innheimta bílastæðagjalda á þeim hópi var ólögleg og því er mikilvægt að tilkynningar verði sendar út sem lýsi því yfir að Reykjavíkurborg muni endurgreiða öll gjöld sem greidd hafa verið.